



Akstursíþróttasamband Íslands

Stjórnarfundur - 18.2.2015

Stjórnarfundur Akstursíþróttasambands Íslands (AKÍS) haldinn í A sal ÍSÍ Íþróttamiðstöðinni Laugardal þann 18. Febrúar 2015 kl. 18:00

Mætt:

Guðbergur Reynisson (GR), Tryggvi M Þórðarson (TMP), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Ragnar Róbertsson (RR), Ari Jóhannsson (AJ), Þórður Bragason (ÞB), Þrándur Arnþórsson (ÞA)

Ekki mætt:

Gunnar Hjálmarsson (GH), Einar Gunnlaugsson (EG), Gunnar Bjarnason (GB)

1. Ársþing AKÍS #501

Ársþing sambandsins verður 7. mars kl. 10:00.

Seinna fundarboð sent út 21. febrúar: Þarf að innihalda: Kjörbréf, Keppnisreglur, Lagabreytingar, Reglur um heilsu keppenda, Verðskrá, Afreksstefna, Greinareglur, Agareglur, Framboð, Verðlaunareglur.

Ársreikningur – ÞA og AJ eiga eftir að fara yfir ársreikninginn með endurskoðendum sambandsins.

Agareglur – verði samþykktar af öllum félögum.

Alþjóðleg keppnisskírteini – eyðublað fyrir lækna.

Nýliðaverðaun – undir hverri grein komið. Má veita á lokahófi.

Verðskrá – Búa til feril fyrir innheimtu keppnisgjalda keppenda.

Reglur greina –reglur verði komnar á vefinn fyrir Ársþing - **Samþykkt.**

Mótorsport safn Íslands – ÞB skilar texta fyrir Ársþing.

2. Tryggingarmál #504

TMP og ÞA funduðu með Innanríkisráðuneyti og Fjármálaráðuneyti.

Vátryggingarfjárhæðir – Fjármálaráðuneytið mun gefa út og auglýsa vátryggingarfjárhæðir í akstursíþróttum sbr. 8. gr. reglugerðar 507/2007 með síðari breytingum. Þessi auglýsing var síðast birt 2005.

Reglugerðarbreytingar – Samþykkt var að athuga endurskoðun reglugerðar 507/2007 með síðari breytingum með tilliti til þess hvort hægt sé að gera tryggingar í akstursíþróttum sambærilegar við það sem gerist í löndunum í kringum okkur. Einnig að athuga aldursmörk keppenda.

3. Önnur mál

Fundur með ÍSÍ – Stjórn AKÍS óskar eftir fundi með framkvæmdastjóra ÍSÍ til að staðfesta stuðning við sambandið.

4. Næstu fundir

Næsti vinnufundur verður 5. mars kl. 18:00.

Ársþing sambandsins verður 7. mars kl. 10:00.



Akstursíþróttasamband Íslands

Fundargerð samþykkt og fundi slitið um kl. 20:05

Þrándur Arnþórsson